

Tillaga til þingsályktunar

um að minnast þess að árið 2027 verða 400 ár liðin
frá Tyrkjaráninu árið 1627 á Íslandi.

Flm.: Birgir Þórarinsson, Ásmundur Friðriksson, Diljá Mist Einarsdóttir,
Óli Björn Kárason, Vilhjálmur Árnason.

Alþingi ályktar að í tilefni þess að árið 2027 verða 400 ár liðin frá örlagaríkum atburði í sögu þjóðarinnar, Tyrkjaráninu á Íslandi árið 1627, verði forsætisráðherra falið að skipa nefnd til að undirbúa viðburð til minningar um atburðinn. Nefndin skal meðal annars standa fyrir kaupum á minnisvarða, standa fyrir málþingi og stofna fræðslusjóð. Einnig er lagt til að Íslenskri erfðagreiningu verði falið að rannsaka ummerki ránsins í erfðamengi Íslendinga á Íslandi og finna blandaða afkomendur Íslendinganna í Alsír.

Greinargerð.

Tyrkjaránið átti sér stað sumarið 1627 þegar ræningaskip komu að Íslandi frá Norður-Afríku. Ránsmenn voru annars vegar frá Marokkó og hins vegar frá Alsír og komu að í Grindavík, á Austfjörðum og lokt í Vestmannaeyjum þaðan sem flestir voru numdir á brott. Hátt í 400 Íslendingar voru brottnumdir sem þrælar til Sale í Marokkó og Algeirsborgar í Alsír og hátt í 50 dreppnir eða limlestir í Tyrkjaráninu.

Á undanförnum árum hafa komið út fjölmargar bækur á íslensku, ensku og fleiri tungumálum sem setja Tyrkjaránið árið 1627 í alþjóðlegt samhengi. Má hér nefna Reisubók séra Ólafs Egilssonar, prests í Vestmannaeyjum, sem nú hefur verið þydd á nokkur erlend tungumál og er ein besta heimildin um Tyrkjaránið og þetta tímabil í sögu Evrópu og Norður-Afríku. Bókin hefur fengið viðurkenningu í heimsbókmenntum sem snerta sögu sjórána og þrælahalds.

Í tillögu þessari er lagt til að í Vestmannaeyjum, þar sem blóðtaka ránsins var langmest, verði reistur minnisvarði um þennan heimssögulega atburð sem verði afhjúpaður 16. júlí 2027 að viðstöddum fulltrúum þjóðþinga þeirra landa sem helst komu við sögu, þ.e. Danmerkur, Hollands, Alsír og Marokkó auk fleiri landa. Forsætisráðherra verði falið að skipa þriggja manna nefnd til að undirbúa kaup á minnisvarða um atburðinn. Einn fulltrúi nefndarinnar skal skipaður samkvæmt tilnefningu bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, einn af Alþingi og einn án tilnefningar og skal sá vera formaður nefndarinnar. Mælst er til þess að nefndin efni til hönnunarsamkeppni um minnisvarðann og annist síðan um kaup á sigurverki slíkrar hönnunardeppni. Nefndin annist jafnframt frekari undirbúning fyrir uppsetningu og afhjúpun minnisvarðans.

Þá er lagt til að nefndin stofni fræðslusjóð og skipi stjórn hans. Sjóðurinn mun starfa tíma-bundið og styrkja fræðsluverkefni um Tyrkjaránið í hlutaðeigandi sveitarfélögum á Austfjörðum, í Vestmannaeyjum og í Grindavík á árinu 2027. Sjóðurinn styrki þau verkefni sem tilnefnd eru af sveitarfélögum eigi síðar en í lok árs 2026.

Einnig er lagt til að íslenskri erfðagreiningu verði falið að gera rannsókn á ummerkjum ránsins í erfðamengi Íslendinga á Íslandi og finna blandaða afkomendur Íslendinganna í Alsír.

Íslensk erfðagreining hefur reynslu af því að leita að litningabútum úr erfðamengi framandi einstaklinga sem blönduðust íslenskri þjóð á öldum áður og er sagan um Hans Jónatan líklega það dæmi sem er best þekkt.

Framsögumenn hafa rætt málið við Íslenska erfðagreiningu og hefur fyrirtækið tekið vel í tillöguna.

Niðurstöður rannsóknarinnar verði síðan kynntar í Vestmannaeyjum 16. júlí 2027. Áætláður kostnaður við tillögu þessa er um 40 millj. kr.